

3. fundur skólanefndar FG á haustönn 2016 haldinn föstudaginn 9. des. 2016 kl.12:00.

Mætt voru: Elísabet Siemsen skólameistari, Steinþór Einarsson formaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður, Þorkell Máni Pétursson, Sigrún Gísladóttir, Þórunnar Sveinbjarnardóttir, Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari, Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara og Selma Rós Axelsdóttir fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

1. Fjarnám

Anna Sigríður Brynjarsdóttir umsjónarmaður fjarnáms kom á fundinn og fór yfir það helsta er varðar fjarnámið – Nemendafjöldi, meðal áfangafjöldi á nemanda, lágmarksfjöldi nemenda í áfanga, kostnað og aldursdreifingu nemenda.

2. Staða skólans og nemendasþá. Viðauki við skólasamning

Stjórnendur fóru á fund í ráðuneytinu 29.11.2016 um stöðu skólans og forspár um nemendatölur til 2020. Nemendasþár gera ráð fyrir fækkun um 3-4000 nem. í kerfinu öllu. Í FG er gert ráð fyrir **741** nemendaígildi 2016 og þeim fækkar í **731** 2017, **694** 2018, **658** 2019 og **661** 2020 .

Skólameistari gerði athugasemd við svo mikla fækkun nemenda. Helstu rök ráðuneytisins eru að við erum komin í 3 ára nám og það er fækkun einstaklinga í árgangi. Mikill hraði í allri afgreiðslu til ráðuneytisins. Mikil pappírsvinna í skólunum, tími til þróunar ekki mikill.

Framlenging skólasamnings út 2017.

Viðbyggingin er ennþá á teikniborðinu. Mikilvægt að halda því á lofti.

3. Síðustu dagar haustannar 2016 – Brautskráning 20.12. kl.14.

4. Önnur mál.

Úttekt á einni grein á vorönn – íslenka síðustu vorönn og erlend mál á næstu önn. Liður í sjálfsmati skólans. Gefur tilefni til umræðu í deildunum.

Úttekt á endurmenntun kennara síðustu 3 ár. Góð niðurstaða og passar við námskeiðið sem við ætlum að halda í vor: Tæknin er framtíðin.

Næsti fundur lok janúar byrjun febrúar. Formaður mun fljótlega senda út tillögu að fundum á vorönn.

Bókun skólanefndar Fjölbrautaskólans í Garðabæ vegna fækkunar nemendaígilda:

Með styttingu til náms til stúdentsprófs mun nemendaígildum fækka.

Skólanefnd FG harmar að ekki sé horft til vilja verðandi framhaldsskólanemenda þegar heimildir til fjölda í skólunum eru útgefnar.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er eftirsóttur skóli, umsóknir um skólavist eru og hafa verið langt umfram þann fjölda sem skólinn hefur heimild til að taka inn.

Því hefur ávallt þurft að vísa nemendum frá. Það er ákaflega sérstakt að skóli sem nýtur virðingar og vinsælda skuli ekki geta boðið þeim sem þess óska að hefja nám við skólann.

Umræddar heimildir ættu að taka tillit til væntingar og vilja þeirra sem eru að velja sér skóla til náms.

Fundi slitið: kl. 13:15